

Erlendir ferðamenn á Norðurlandi 2010-2019



Ljósmyndir: Rögnvaldur Guðmundsson.

Kápu mynd: Sjóböðin við Húsavík.

Erlendir ferðamenn á Norðurlandi 2010-2019



Jón Ósmann og ferðamaður við Héraðsvötn í Skagafirði.

**Samantekt unnin fyrir
Markaðsstofu Norðurlands
mars 2020**



Höfundur: Rögnvaldur Guðmundsson

Rannsóknir og ráðgjöf ferðaþjónustunnar ehf
Erлуhraiui 4, 220 Hafnarfirði
rognvaldur@rrf.is

Efnisyfirlit

	Helstu niðurstöður	1
1.0	Inngangur	4
1.1	Kannanir sem stuðst er við	4
1.2	Úrvinnsla	4
2.0	Erlendir ferðamenn á Íslandi 2004-2019	6
2.1	Ferðamenn með flugi og ferju, gistinætur þeirra og samsetning	6
2.2	Ferðamáti og farartæki	9
2.3	Ferðamenn með skemmtiferðaskipum	11
3.0	Erlendir ferðamenn á Norðurlandi 2010-2019	12
3.1	Erlendir ferðamenn og gistinætur í Húnavatnssýslum	12
3.2	Erlendir ferðamenn og gistinætur í Skagafirði	15
3.3	Erlendir ferðamenn og gistinætur í Eyjafirði	18
3.4	Erlendir ferðamenn og gistinætur í Þingeyjarsýslum	21
3.4.1	<i>Erlendir ferðamenn á norðausturhorninu</i>	24
3.5	Erlendir ferðamenn á Norðurlandi	25

Helstu niðurstöður

Erlendir ferðamenn á Norðurlandi

- Samkvæmt *Dear Visitors* könnun RRF má áætla að 580 þúsund erlendir ferðamenn hafi komið á Norðurland árið 2019 af alls 1.927 þúsund erlendum ferðamönnum til Íslands, eða 30% þeirra (gestir með skemmiferðaskipum ekki meðtaldir). Þar af hafi 325 þúsund komið að sumri (56%) en 255 þúsund utan þess (44%). Fækkunin er því áætluð 8% frá árinu 2018 þegar erlendir ferðamenn á Norðurlandi voru áætlaðir 622 þúsund.¹
- 48% erlendra sumargesta á Íslandi 2019 lögðu leið sína á Norðurland en um 18% erlendra gesta utan sumars. Á jaðarmánuðunum maí og september 2019 er áætlað að 35-40% ferðamanna til Íslands hafi komið eitthvað á Norðurland, 17-23% gesta í mars, apríl og október en 8-11% gesta yfir vetrarmánuðina janúar, febrúar, nóvember og desember.
- Áætlað er að árið 2019 hafi 492 þúsund erlendir ferðamenn gíst á Norðurlandi í 3 nætur að jafnaði. Alls í 1.466 þúsund nætur, um 11% af erlendum gistinóttum á Íslandi. Árið 2010 er hins vegar áætlað að 15% af erlendum gistinóttum hafi verið á Norðurlandi.
- Áætlað er að gistinóttum erlendra ferðamanna á Norðurlandi hafi fjölgað úr 516 þúsund árið 2010 í 1.466 þúsund árið 2019, eða 2,8 falt. Þar af fjölgaði þeim úr 466 þúsund í 933 þúsund að sumarlagi, eða tvöfalt, en úr 50 í 533 þúsund utan sumars, eða 10,7 falt. Þetta er 6% fækkun frá árinu 2018 þegar erlendar gistinætur á Norðurlandi voru áætlaðir 1.558 þúsund.
- Árið 2019 er áætlað að 38% af erlendum gistinóttum á Norðurlandi hafi verið í Eyjafirði, 35% í Þingeyjarsýslum, 16% í Húnavatnssýslum og 11% í Skagafirði.
- Árið 2019 voru karlar voru heldur líklegri til að fara um Norðurland en konur. Fólk 18-35 ára og eldra en 55 ára kom hlutfallslega frekar í landshlutann þeir sem voru 36-55 ára.
- Þeir sem nýttu sér bílaleigubíla voru mun líklegri til að heimsækja Norðurland en fólk sem nýtti hópferðabíla eða áætlunarbíla.
- Þeir sem voru í fyrsta skipti á Íslandi voru nokkru líklegri til að fara um Norðurland en þeir sem höfðu komið áður.
- Fólk á ferð með vinum eða með maka/sambúanda var hlutfallslega líklegast til að heimsækja landshlutann en síst þeir sem voru einir á ferð.
- Norrænugestir eru margfalt líklegri til að fara um Norðurland en ferðamenn með flugi.

¹ Mikilvægt er að taka skýrt fram að hér og annars staðar í þessari samantekt er um áætlanir að ræða er byggja á reglubundum könnunum meðal ferðamanna, þar sem skekkjumörk eru talsverð (sbr. töflu 2.1). Tölunum ber því að taka með fyrirvara. Þegar um áætlanir um gistinætur er að ræða eru allar tegundir gistingar meðtaldar, einnig hjá vinum, utan tjaldsvæða, í 'camperum' og eigin bílum (Norrænufarþegar) svo dæmi sé tekið. Þær byggja því alfarið á svörum ferðamannanna sjálfra en ekki upplýsingum frá rekstraraðilum gististaða, eins og að jafnaði í tölum Hagstofunnar.

Erlendir ferðamenn í Húnavatnssýslum

- Áætlað er að 135 þúsund erlendir ferðamenn hafi farið um Húnavatnssýslur árið 2010 en 483 þúsund árið 2019 (5% fækkun frá 2018). Samkvæmt því 3,6 faldaðist fjöldi þeirra frá 2010 til 2019. Þetta þýðir að 25% erlendra ferðamanna til Íslands með flugi eða ferju árið 2019 komu í Húnavatnssýslur en 27,5% þeirra árið 2010. Samkvæmt því hefur hlutdeild Húnavatnssýslna í komum ferðamanna dregist saman um 9% á tímabilinu.
- Sumarmánuðina er áætlað að erlendum gestum í sýslurnar hafi fjölgað úr 116 þúsund árið 2010 í 274 þúsund árið 2019, eða 2,4 falt. Hins vegar fjölgaði erlendum ferðamönnum þar utan sumartíma mikið meira á sama árabili, úr 20 þúsund í um 209 þúsund, eða 10,7 falt.
- Erlendar gistinætur í Húnavatnssýslum eru áætlaðar 235 þúsund árið 2019, um 1,8% af erlendum gistinóttum á Íslandi það ár (4% fækkun frá 2018).

Erlendir ferðamenn í Skagafirði

- Áætlað er að 142 þúsund erlendir ferðamenn hafi farið um Skagafjörð árið 2010 en 466 þúsund árið 2019 (8% fækkun frá 2018). Samkvæmt því fjölgaði þeim 3,3 falt frá 2010 til 2019. Þetta þýðir að 24% erlendra ferðamanna til Íslands með flugi eða ferju árið 2019 komu í Skagafjörð en 29% þeirra árið 2010. Samkvæmt því hefur hlutdeild Skagafjarðar í erlendum gestum dregist saman um 17% á tímabilinu.
- Sumarmánuðina þrjá er áætlað að erlendum gestum sem komu í Skagafjörð hafi fjölgað úr 121 þúsund árið 2010 í 271 þúsund árið 2019, eða 2,2 falt. Hins vegar fjölgaði erlendum gestum í Skagafirði utan sumars mun meira tímabilinu, úr 21 þúsund í 195 þúsund, 9,3 falt.
- Erlendar gistinætur í Skagafirði eru áætlaðar 170 þúsund árið 2019, um 1,3% af erlendum gistinóttum á Íslandi það ár (9% fækkun frá 2018).

Erlendir ferðamenn í Eyjafirði

- Áætlað er að 151 þúsund erlendir ferðamenn hafi farið um Eyjafjörð árið 2010 en 540 þúsund árið 2019 (7,5% fækkun frá 2018). Samkvæmt því fjölgaði þeim 3,6 falt frá 2010 til 2019. Það þýðir að 28% erlendra ferðamanna til Íslands með flugi eða ferju árið 2019 hafi komið í Eyjafjörð en það hlutfall var 31% árið 2010. Því er áætlað að hlutur Eyjafjarðar af gestum til Íslands hafi dregist saman um 10% á tímabilinu.
- Sumarmánuðina þrjá er áætlað að erlendum gestum í Eyjafjörð hafi fjölgað úr 132 þúsund árið 2010 í 316 þúsund árið 2019, eða 2,4 falt. Hins vegar fjölgaði erlendum gestum í Eyjafirði utan sumars mikið meira á sama árabili, úr 19 þúsund í 224 þúsund, eða 11,6 falt.
- Erlendar gistinætur í Eyjafirði eru áætlaðar 554 þúsund árið 2019, um 4,2% af erlendum gistinóttum á Íslandi það ár (7% fækkun frá 2018).

Erlendir ferðamenn í Þingeyjarsýslum

- Áætlað er að 143 þúsund erlendir ferðamenn hafi farið um Þingeyjarsýslur árið 2010 en 526 þúsund árið 2019, sem er 3,7 földun (6,5% fækkun frá 2018). Þetta þýðir að 27% erlendra ferðamanna til Íslands með flugi eða ferju árið 2019 komu þangað en 29% árið 2010. Því er áætlað að hlutur Þingeyjarsýsla af gestum til Íslands hafi dregist saman um 8% á tímabilinu.
- Sumarmánuðina þrjá er áætlað að erlendum gestum í Þingeyjarsýslur hafi fjölgað úr 127 þúsund árið 2010 í 308 þúsund árið 2019, eða 2,4 falt Hins vegar fjölgaði erlendum gestum þar utan sumars mikið meira á sama árabili, úr 16 þúsund í um 218 þúsund, eða 14 falt.
- Erlendar gistinætur í Þingeyjarsýslum eru áætlaðar 507 þúsund árið 2019, um 4% af erlendum gistinóttum á Íslandi það ár (6% fækkun frá 2018).

Erlendir ferðamenn á norðausturhornið

- Áætlað er að 43 þúsund erlendir ferðamenn hafi farið um norðausturhorn Norðurlands árið 2019 (svipað margir og 2018), þ.e. að Kópaskeri, Raufarhöfn, Þórshöfn eða Bakkafirði, en 14 þúsund árið 2010. Samkvæmt því fjölgaði þeim 3,2 falt frá 2010 til 2019. Þetta þýðir einnig að 2,2% af ferðamönnum til Íslands árið 2019 komu á norðaustursvæðið.

1.0 Inngangur

1.1 Kannanir sem stuðst er við

Skýrsla þessi, þ.e. kafla 2.0 um erlenda ferðamenn á Íslandi 2004-2019 og kafla 3.0 um erlenda ferðamenn á Norðurlandi 2010-2019, byggir á niðurstöðum úr könnuninni *Dear Visitors* sem fyrirtækið *Rannsóknir og ráðgjöf ferðapjónustunnar* (RRF) hefur framkvæmt meðal brottfararfarþega í Leifsstöð frá sumrinu 1996 og síðan nær stöðugt allan ársins hring frá janúar 2004 og til þessa dags. Þá hefur könnunin einnig oftast verið framkvæmd á sumrin meðal ferðamanna með Norrænu á Seyðisfirði. Í könnuninni hefur frá árinu 1996 og stöðugt allt árið frá 2004 verið spurt hvort ferðamenn hafi komið á eftirtalin svæði á Norðurlandi: Húnavatnssýslur, Skagafjörð, Eyjafjörð og Þingeyjarsýslur. Einnig hafa erlendir ferðamenn verið spurðir hvort þeir gistu á þessum svæðum og í hve margar nætur. Jafnframt hefur verið spurt um komur erlendra gesta á 24 staði á láglendi Norðurlands og 6 staði á hálendi landshlutans.

Hér verður lögð áhersla á að skoða þessar upplýsingar fyrir árið 2019 með samanburði við árin 2018, 2017, 2016, 2015, 2013 og 2010, til að varpa ljósi þróunina á þessu níu ára tímabili. Að jafnaði tóku 3-4 þúsund erlendir gestir þátt í *Dear Visitors* könnuninni hvert þeirra ára sem hér er unnið með.

1.2 Úrvinnsla

Við úrvinnslu niðurstaðna eru erlendir ferðamenn í *Dear Visitors* könnun RRF sem komu til Íslands eða heimsóttu svæðin fjögur á Norðurlandi skoðaðir sem heild. Jafnframt er skoðaður munur á komugestum, næturgestum og fjölda gistingu á erlendra gesta á svæðin að sumri og utan sumars og eftir mánuðum árin 2019, 2018, 2017, 2016, 2015, 2013 og 2010. Eins verður þróun þessara þátta skoðuð fyrir allt Norðurland. Jafnframt verður fjallað um muninn á komum ferðamanna eftir búsetu þeirra (markaðssvæðum) o.fl. Ferðamenn í *Dear Visitors* könnuninni eru flokkaðir í sjö markaðssvæði eftir búsetu. Gestir utan þeirra svæða eru hafðir saman undir "önnur svæði".

Tafla 1.1

Skilgreining á markaðssvæðum

Markaðssvæði	Lönd
Norðurlönd	Noregur, Svíþjóð, Finnland og Danmörk.
Mið-Evrópa	Þýskaland, Pólland, Tékkland, Austurríki og Sviss.
Benelux löndin	Belgía, Holland og Lúxemborg.
Bretlandseyjar	England, Wales, Skotland og Írland allt.
Suður-Evrópa	Ítalía, Frakkland, Spánn, Portúgal, Grikkland ...
Norður-Ameríka	Bandaríkin, Kanada og Mexíkó.
Asía	Kína, Japan, Indland, S-Kórea, Singapore, Ísrael o.fl.
Önnur svæði	Austur-Evrópa, Afríka, Ástralía og Suður-Ameríka.

Þegar rætt er um tölfræðilegan áreiðanleika niðurstaðna eru svokölluð fráviksmörk notuð sem viðmið. Fráviksmörk eru reiknuð fyrir hverja hlutfallstölu og segja til um það með hve mikilli

nákvæmni megi yfirfæra niðurstöður úrtakskönnunar á þann viðmiðunarhóp eða „þýði“ sem til skoðunar er. Í könnuninni *Dear Visitors* 2019 er þýðið t.d. allir erlendir ferðamenn sem komu til Íslands með flugi eða Norrænu árið 2019, um 1.927 þúsund.² Áætlað er að 1.247 þúsund þeirra hafi komið utan sumars (65%) en 680 þúsund yfir sumarmánuðina júní, júlí og ágúst (35%). Í töflu 1.2 má sjá fráviksmörkin eftir því hve stórt úrtakið er og eftir hlutfallstölum. Taflan miðar við 95% öryggismörk sem notuð eru í þessari samantekt.

Í töflu 1.2 má sjá fráviksmörkin eftir því hve stórt úrtakið er og eftir hlutfallstölum. Taflan miðar við 95% öryggismörk sem notuð eru í þessari samantekt.

Tafla 1.2 Fráviksmörk í úrtakskönnun - allar tölur í %

Fjöldi	5/95	10/90	15/85	20/80	25/75	30/70	40/60	50%
100	4,3	5,9	7,0	7,8	8,5	9,0	9,6	9,8
200	3,0	4,2	5,0	5,5	6,0	6,4	6,8	6,9
400	2,1	2,9	3,5	3,9	4,2	4,5	4,8	4,9
600	1,8	2,4	2,9	3,3	3,6	3,8	4,0	4,2
800	1,6	2,2	2,5	2,9	3,2	3,3	3,6	3,7
1000	1,4	1,9	2,2	2,5	2,7	2,8	3,0	3,1
1200	1,3	1,7	2,0	2,3	2,5	2,6	2,8	2,8
1300	1,2	1,6	1,9	2,2	2,4	2,5	2,7	2,7
1500	1,1	1,5	1,8	2,0	2,2	2,3	2,5	2,5
1700	1,0	1,4	1,7	1,9	2,1	2,2	2,3	2,4
2000	1,0	1,3	1,6	1,8	2,0	2,0	2,1	2,2

Dæmi um notkun töflunnar:

Ef 40% svarenda í *Dear Visitors* könnuninni sumarið 2019 (júní-ágúst) kváðust hafa komið á ákveðið svæði verður frávikið frá gefnu hlutfalli +/- 2,5%, miðað við um 1.500 svarendur er þá tóku þátt í könnuninni. Ef það hlutfall hefði hins vegar verið 10% verður frávikið +/- 1,5%.


² Hér er stuðst við talningu Ferðamálastofu meðal brottfararfarþega í Leifstöð 2019, tölur Austfars hf um farþega með Norrænu og upplýsingar frá Isavia um ferðamenn um flugvöllina í Reykjavík, á Akureyri og Egilsstöðum, alls um 2.016 þúsund gestir. Í þessari skýrslu verður hins vegar reiknað út frá 95,5% þessa fjölda og miðað við 1.927 þúsund erlenda gesti til Íslands árið 2019; 680 þúsund yfir sumarmánuðina þrjá og 1.247 þúsund utan þess tíma. Sjá nánar í neðanmálsgrein 3.

2.0 Erlendir ferðamenn á Íslandi 2004-2019

2.1 Ferðamenn með flugi og ferju, gistinætur þeirra og samsetning

Erlendum gestum til Íslands með flugi fjölgaði verulega á árunum 2004-2007. Fjöldinn stóð síðan nokkurn veginn í stað 2008-2010 en á árabílinu 2011-2017 varð afar mikil fjölgun (20-40% á ári). Árið 2018 hægði mikið á og var aukningin 5,5% og ferðamenn þá alls 2,35 milljónir miðað við opniberar tölur. Hins vegar varð fækkun um nálægt 15% árið 2019 og fjöldinn rétt um tvær milljónir. Meginástæða þess var gjaldþrot Wow air í mars á liðnu árið. Niðurstaðan er sú að erlendum gestum til Íslands með flugi og ferju á árabílinu 2004 til 2019, samkvæmt opinberum tölum, fjölgaði úr 362 þúsund í tvær milljónir, eða 5,6 falt.

Mynd 2.1 Fjöldi erlendra brottfara frá Íslandi 2004-2019
ferðamenn með flugi og ferju og vinnandi fólk



Ástæður fyrir stöðnuninni 2008-2010 voru einkum þær að í kjölfar bankahrunsins á Íslandi fækkaði verulega fólki sem kom til Íslands til að vinna og einnig þeim sem komu í viðskiptaerindum. Jafnframt varð nokkur fækkun á ráðstefnugestum. Hina miklu aukningu 2011-2017 má líklega einkum þakka mikilli umfjöllum um Ísland í öllum helstu fréttamiðlum heimsins í kjölfar eldgossins í Eyjafjallajökli árið 2010 og mikilli aukningu á sætaframboði í millilandaflugi (þar með talin stofnun Wow air og sívaxandi umsvif þess). Einnig meiri fagmennsku í markaðssetningu Íslands sem áfangastaðar, svo sem markaðsátakið *Inspired by Iceland* undir forystu Íslandsstofu er dæmi um. Tengt því var átakið *Ísland allt árið*. Fremur lítil fjölgun árið 2018 skrifast líklega á nokkra þætti. Verðlag á Íslandi komst á ný að þolmörkum ferðamanna, gjaldþrot Air Berlin á árinu 2017, gengislækkun breska pundsins og afleiðingar Brexit á ferðir íbúa þar, blikur á lofti í efnahag Þýskalands o.fl. Meginástæða mikillar fækkunar ferðamanna árið 2019, um 14% frá 2018 (330 þúsund manns), var gjaldþrot Wow air í mars. Þannig fækkaði ferðamönnum frá Norður-Ameríku um 33%, eða um 260 þúsund gesti og þá komu um 41 þúsund færri gestir frá Bretlandseyjum árið 2019 en 2018 (13% fækkun). Fækkun gesta frá þessum tveimur markaðssvæðum skýrir því um 90% fækkunar ferðamanna árið 2019.

Ánægjulegt er að frá 2011 hefur ferðamönnum utan sumars fjölgað mun meira en sumargestum í júní, júlí og ágúst, sem leggur grunn að bættri nýtingu fjárfestinga í greininni. Þannig voru ferðamenn (með flugi og ferju) utan sumartíma 2019 um 65% gesta til landsins en sumargestir 35%. Þá hefur erlendu vinnuafli fjölgað verulega á ný síðustu árin, einkum vegna uppgangs í ferðaþjónustu og byggingariðnaði. Þó eru nú blikur á lofti um að þessi þróun hafi stöðvast.

Gistinætur erlendra ferðamanna hér á landi voru allt fram til 2011 um helmingi fleiri að sumri en utan þess. Frá þeim tíma hefur verulega dregið sama og árið 2018 voru erlendar gistinætur á Íslandi umtalsvert færri yfir sumarmánuðina þrjá en hina níu mánuði ársins. Ástæðan er mikið örari fjölgun vetrargesta en sumargesta á síðustu árum (sbr. mynd 2.1). Einnig styttest meðaldvöl og var t.d. um 8,0 nætur að jafnaði sumarið 2018 samkvæmt könnunum RRF en um 5,7 nætur utan sumars (að jafnaði 6,5 nætur á ferðamann árið 2018). Alls um 14,2 milljónir náttu; þar af um 6,2 milljónir yfir sumarmánuðina þrjá (44%) en 8,0 milljónir hina níu mánuði ársins (56%).

Hins vegar lengdist dvöl aftur nokkuð árið 2019 með mikilli fækkun gesta frá Norður-Ameríku og talsverðri fækkun frá Bretlandi. Var meðaldvöl um 8,5 nætur sumarið 2019 og 6,9 nætur ef allt árið er skoðað. Þannig má áætla að árið 2019 hafi gistinætur erlendra ferðamanna á Íslandi alls verið um 13,3 milljónir talsins; þar af 5,8 milljónir yfir sumarmánuðina þrjá (44%) en 7,5 milljónir hina níu mánuði ársins (56%). Samkvæmt því fækkaði gistinóttum erlendra ferðamanna um 6% á milli áranna 2018 og 2019. Eru þá öll form gistingar meðtalin; á hótélum, gistiheimilum, farfuglaheimilum, á tjaldsvæðum, hjá vinum, í húsbílum, Airbnb, 'camper' bílum sem nú ryðja sér til rúms, tjaldi á víðavangi o.s.frv.³

Af gestum frá einstökum markaðssvæðum sem koma til landsins með flugi og ferju voru Norðurlandabúar lengi vel fjölmennastir á ársgrundvelli. Einkum var svo að vetrarlagi, þar til veturinn 2012-2013 þegar gestir frá Bretlandseyjum urðu heldur fleiri og hafði þá fjölgað tvöfalt frá vetrinum 2010-2011. Veturinn 2013-2014 juku Bretar þá forystu sína verulega og enn frekar veturinn 2014-2015. Mikil aukning á gestum frá Norður-Ameríku frá 2016 til 2018 skilaði þeim hins vegar á örugglega toppinn meðal gesta utan sumar.


Nú koma flestir Asíubúar frá Kína. Fóru þeir fram úr Japönnum árið 2011 og voru um fimm sinnum fleiri en þeir árið 2019 eða rétt um 100 þúsund. Enn koma þó margir Japanir til Íslands en einnig vaxandi fjöldi ferðamanna frá Suður-Kóreu, Singapore, Hong Kong, Taívan, Indlandi, Ísrael o.s.frv. Þannig er áætlað að Asíubúar hafi verið nær 11% allra ferðamanna á Íslandi árið 2019.

³ Í þessari greinargerð gert ráð fyrir að 5% erlendra brottfara frá til Íslandi árið 2016, 10% árið 2017, 7% árið 2018 og 4,5% árið 2019 hafi verið vegna sjálfstengifarþega (þurfa að skipta um flugvél eða fara út af vellinum og til baka samdægurs) og erlendra verkamanna sem ekki eru ferðamenn á Íslandi í þeim skilningi. Því er hér miðað við 95% af heildinni, eða 1.706 þúsund ferðamenn (brottfarir) árið 2016, 90% af heildinni eða 2.004 þúsund árið 2017, 93% af heildinni árið 2018, eða 2.183 þúsund ferðamenn og 95,5% af heild árið 2019, eða 1.927 þúsund gesti. Við ákvörðun á þessu hlufalli er byggt á niðurstöðum kannana ISAVIA meðal farþega í Leifstöð árin 2017 og 2018. ISAVIA var ekki með slíkar kannanir árið 2019 en gert er ráð fyrir því að með falli Wow air í mars 2019 hafi sjálfstengi-farþegum fækkað umtalsvert frá 2018, mest vegna mikillar fækkunar gesta frá Norður-Ameríku.

Í flokkinn „önnur svæði“, þar sem eru gestir utan helstu markaðssvæða, falla meðal annars íbúar í Ástralíu, Eystrasaltsríkjanna og fjölmargra annarra landa í austurhluta Evrópu. Gestum frá þessum svæðum hefur fjölgað mikið á síðasta áratug. Undir flokkinn falla einnig öll lönd Afríku, Mið- og Suður-Ameríku, en gestum þaðan hefur fjölga talsvert hægar.


Að sumri voru ferðamenn frá Norðurlöndum og Mið-Evrópu (Þýskalandi, Póllandi, Sviss og Austurríki) lengi vel fjölmennastir. Frá sumrinu 2013 blönduðu ferðamenn frá N-Ameríku og frá löndum utan helsti markaðssvæða sér í toppbar-áttuna. Sumarið 2015 voru gestir frá N-Ameríku áberandi fjölmennastir frá einstökum markaðs-svæðum, juku það forskot mikið sumarið 2016 og enn frekar árin 2017 og 2018. Með mikilli fækkun þeirra árið 2019 minnkaði forskot þeirra talsvert jafnt sumar sem vetur. Ferðamenn frá Mið-Evrópu hafa verið í öðru sæti að sumarlagi frá 2014 en koma í minna mæli utan sumars. Bretar koma fremur lítið til Íslands að sumarlagi en hafa hins vegar verið í öðru sæti utan sumars frá því 2015. Sjá nánar á myndum 2.2, 2.3, 2.4 og 2.5.⁴

Myndi 2.2 Fjöldi erlendra ferðamanna eftir svæðum sumur 2004-2019



⁴ Í grafinu sem sýnir þróunina utan sumars eiga tölurnar við tímabilin frá september fyrra árs til maí næsta árs (utan sumars), nema árin 2016, 2017 og 2018 þar sem miðað er við mánuði utan sumars það ár (janúar-maí og september-deseember).


Myndi 2.3 Fjöldi erlendra ferðamanna eftir svæðum utan sumars 2004-2019



Sumarið 2019 voru um 31% erlendra ferðamanna, sem komu til Íslands með flugi eða ferju, frá Norður-Ameríku, 18% frá Mið-Evrópu, 13% frá Suður-Evrópu, 10% frá Asíu, 9% frá Norður-löndunum, 5% frá Bretlandseyjum, 4% frá Benelux löndunum og 10% utan helstu markaðssvæða,

Utan sumars 2019 var samsetning gesta töluvert önnur. Þá voru 25% gesta frá Norður-Ameríku, 19% frá Bretlandseyjum, 13% frá Mið-Evrópu, 11% frá Asíu, 9% frá Suður-Evrópu, 7% Norðurlandabúar, 3% frá Benelux löndunum og 13% búsett utan helstu markaðssvæða.

Myndir 2.4-2.5 Skipting erlendra gesta á Íslandi 2019, eftir markaðssvæðum




2.2 Ferðamáti og farartæki

Ferðamáti erlendra ferðamanna hefur breyst mjög frá því að reglubundnar kannanir hófust hjá RRF sumarið 1996. Þá skiptust ferðamenn nánast í tvo jafn stóra hópa; annar var í skipulagðri hópferð en hinn í ferð á eigin vegum. Þetta breyttist hratt á næstu árum þannig að sumarið 2003 voru 67% á eigin vegum, tveir af hverjum þremur, en 33% í hópferð. Sumarið 2011 var síðan staðan sú að um 80% voru á eigin vegum en 20% í skipulagðri hópferð. Síðustu árin hafa svo kallaðar 'self drive' ferðir vaxið umtalsvert, þar sem ferðin er að hluta skipulögð, gisting bókuð fyrirfram og auk þess oft bókaður bílaleigubíll en ferðamennirnir keyra sjálfir. Frá sumrinu 2012 hefur RRF spurt um tíðni slíkra ferða. Sumarið 2019 voru 73% svarenda á eigin vegum, 14% í 'self drive' ferð og 13% í skipulagðri hópferð. Er það áþekk niðurstaða og sumrin 2015-2018.

Mynd 2.6

Ferðamáti erlenda sumargesta á Íslandi 1996-2019




Utan sumars 2019 var þessu skipting mjög svipuð; 72% ferðamanna voru þá á ferð á eigin vegum, 13% í 'self drive' ferð og 15% í hópferð.

Aukið sjálfstæði erlendra ferðamanna helst í hendur við aukningu í notkun þeirra á bílaleigubílum en minni notkun á hópferðabílum og áætlunarbílum. Sumarið 1996 nýttu 50% ferðamanna sér hópferðabíl, 20% áætlunarbíl en 21% bílaleigubíl. Sumarið 2003 notuðu svipað margir hópferðabíl og bílaleigubíl (36-37%) en færri áætlunarbíl (27%). Sumarið 2019 notuðu hins vegar 69% bílaleigubíl, 23% hópferðabíl og 9% áætlunarbíl. Auk þess eru ferðamenn nokkuð á eigin bílum (Norræna), bílum vina/ættingja á Íslandi eða nota hjól.

Mynd 2.7

Helstu farartæki erlendra sumargesta á Íslandi 1996-2019




65-67% ferðamanna á jaðarmánuðunum apríl, maí og september 2019 notuðu bílaleigubíl, svipað og helstu sumarmánuðina, 56% gesta í mars og október en 43-47% ferðamanna í janúar, febrúar, nóvember og desember. Ef allt árið 2019 er skoðað þá nýttu um 60% bílaleigubíla. Mun fleiri notuðu eitthvað hópferðabíla að vetri en sumri 2019, t.d. um 48% gesta yfir helstu vetrarmánuðina fjóra en að jafnaði um 26% á jaðarmánuðunum.

2.3 Ferðamenn með skemmtiferðaskipum

Ferðamönnum sem koma með skemmtiferðaskipum til Íslands hefur einnig fjölgað mikið á umliðnum árum. Þannig komu 45 þúsund erlendir skemmtiferðaskipagestir til Íslands árið 2004 (70 skipakomur) en um 183 þúsund árið 2019 (194 skipakomur) sem er 4,1 földun á tímabilinu (310%).

Mynd 2.8 Fjöldi farþega með skemmtiferðaskipum til Íslands 2004-2019



Þessir ferðamenn dreifast á mánuðina mars til október en flestir koma í júní til ágúst. Þeir gista nær eingöngu um borð í skipunum en fara hins vegar mikið í ýmiss konar skoðunarferðir út frá viðkomustöðum skipanna og/eða skoða sig um á viðkomandi þéttbýlisstað. Ferðamenn með skemmtiferðaskipum árið 2019 voru að vanda flestir frá Þýskalandi en síðan frá Bandaríkjunum og Bretlandi. Ferðamenn frá Kanada komu þar á eftir.⁵

⁵ Heimild: www.faxafloahafnir.is/en/cruise-statistics


3.0 Erlendir ferðamenn á Norðurlandi 2010-2019

3.1 Erlendir ferðamenn og gistinætur í Húnavatnssýslum

Samkvæmt *Dear Visitors* könnun RRF má áætla að 135 þúsund erlendir ferðamenn hafi farið um Húnavatnssýslur árið 2010, 184 þúsund árið 2013, 267 þúsund árið 2015, 338 þúsund árið 2016, 451 þúsund árið 2017, 508 þúsund árið 2018 og 483 þúsund árið 2019. Samkvæmt því 3,6 faldaðist fjöldi þeirra frá 2010 til 2019 en fækkaði um 5% frá 2018 til 2019. Þetta þýðir að 25% ferðamanna til Íslands með flugi eða ferju árið 2019 komu í Húnavatnssýslur en 27,5% þeirra árið 2010 (um 490 þúsund ferðamenn til landsins það ár).⁶ Samkvæmt því hefur hlutdeild Húnavatnssýslna af gestum til Íslands dregist saman um 9% á tímabilinu.

Sumarmánuðina þrjá er áætlað að erlendum gestum sem komu í sýslurnar hafi fjölgað úr 116 þúsund árið 2010 í 274 þúsund árið 2019, eða 2,4 falt en hafi hins vegar fækkað um 3% frá 2018 til 2019. Þá fjölgaði erlendum gestum í Húnavatnssýslum utan sumartíma mikið meira á sama árabili, úr 19 þúsund í 209 þúsund, eða 10,7 falt. Fækkaði hins vegar um 6,5% frá 2018 til 2019. Þannig hefur ferðamannatíminn í Húnavatnssýslum hefur lengst mikið á síðustu árum.

Mynd 3.1 Áætlaður fjöldi erlendra ferðamanna sem fóru um Húnavatnssýslur eftir mánuðum 2010, 2013 og 2015-2019



2019	10,3	11,2	21,2	18,2	36,2	69,7	102,1	102,3	64,2	28,4	12,3	7,0
2018	10,7	11,4	22,0	21,9	40,8	72,0	105,0	104,0	69,8	31,0	13,2	6,1
2017	7,9	7,0	12,8	18,5	38,0	61,4	108,8	114,2	59,2	11,2	9,4	2,9
2016	1,8	0,7	8,0	8,6	30,9	55,4	74,0	80,0	39,1	30,3	5,1	3,8
2015	1,7	0,8	8,1	7,0	11,1	35,8	82,1	79,6	27,0	9,9	2,7	1,5
2013	2,4	4,0	3,9	5,1	11,7	31,7	50,0	56,4	8,3	5,1	3,0	2,6
2010	1,0	0,2	2,1	2,5	2,5	21,2	45,1	49,5	8,0	2,4	0,5	0,3


⁶ Hér er gengið út frá því að 95,5% þeirra erlendu gesta sem fóru frá landinu með flugi eða ferju árið 2018 hafi verið ferðamenn, eða 1.927 þúsund af alls um 2.016 þúsund erlendum brottförum. Hin 4,5% hafi verið sjálfstengingarþegar eða erlendir starfsmenn á Íslandi. Viðmiðunartala fjöldaáætlana í þessari samatekt miðast því við 1.927 þúsund ferðamenn árið 2019, sbr. neðanmálsgrein 3.



Á Þingeyrum.

Á mynd 3.2 má sjá áætlaðan fjölda og hlutfallsskiptingu erlendra dagsgesta og næturgesta í Húnavatnssýslum eftir mánuðum 2019. Þegar allt árið er skoðað er áætlað að af 483 þúsund erlendum gestum hafi 180 þúsund gisti (37%) en 303 þúsund verið dagsgestir (63%). Um 39% sumargesta gistu í sýslunum en 35% þeirra sem komu utan sumars.

Mynd 3.2 Áætlaður fjöldi og hlutfall erlendra næturgesta og dagsgesta í Húnavatnssýslum eftir mánuðum 2019




Þeir 180 þúsund erlendu gestir sem gistu í Húnavatnssýslum árið 2019 dvöldu að jafnaði í 1,3 nætur en næturgestir árin 2015-2018, 2013 og 2010 í 1,2-1,3 nætur. Þannig eru erlendar gistinætur í Húnavatnssýslum áætlaðar 235 þúsund árið 2019, 1,8% af erlendum gistinóttum á Íslandi það ár, (áætlaðar 13,3 milljónir sbr. kafla. 2.1), 245 þúsund á 2018, 220 þúsund árið 2017, 175 þúsund árið 2016, 122 þúsund árið 2015, 74 þúsund árið 2013 og 60 þúsund árið 2010.⁷ Þannig er áætlað að erlendum gistinóttu í Húnavatnssýslu árið 2019 hafi fækkað um 4% frá 2018.

⁷ Hér eru gistinætur erlendra ferðamanna á hálendi Húnavatnssýslna varlega áætlaðar um 8 þúsund og meðtaldar. Helsti gististaðurinn þar er Hveravellir og þar voru seldar gistinætur árið 2017 um 10.500 (Íslendingar meðtaldir). Heimild: <http://fasteignir.visir.is/property/238889> Auk þess gista sumarferðamenn nokkuð á hálendi Húnavatnssýslna í húsbílum, tjöldum á víðavangi og gönguskálum.


Árið 2019 er áætlað að 38% erlendra gistingu í Húnavatnssýslum hafi verið utan sumars (89 þúsund), 37% árið 2018, 29% árið 2017, 32% árið 2016, 27% árið 2015 en aðeins 10% árið 2013 og 8% árið 2010. Þetta sést betur á mynd 3.3. Þannig hefur verulegur árangur náðst við að fjölga gistingu í sýslunum hlutfallslega utan sumars.

Mynd 3.3 Áætlaður fjöldi og hlutfall erlendra gistingu í Húnavatnssýslum að sumri og utan sumars 2010, 2013 og 2015-2019




Árið 2019 er áætlað að af 483 þúsund erlendum gestum í Húnavatnssýslum hafi 106 þúsund verið búsettir í Mið-Evrópu, 88 þúsund í Suður-Evrópu, 84 þúsund í N-Ameríku, 79 þúsund utan helstu markaðssvæða, 63 þúsund í Asíu, 22 þúsund á Norðurlöndum, 21 þúsund á Bretlandi og 20 þúsund í Benelux löndunum. Næsta mynd sýnir fjölda- og hlutfallsskiptinguna betur.

Mynd 3.4 Áætlaður fjöldi og hlutfall erlendra ferðamanna í Húnavatnssýslum eftir markaðssvæðum árið 2019



Þessi skipting er frábrugðin samsetningu ferðamanna á Íslandi eftir markaðssvæðum árið 2019, sbr. dálkinn hægra megin við grafið hér að ofan. Þannig skila gestir frá Mið-Evrópu, Suður-Evrópu, og frá löndum áður utan okkar helstu markaðssvæða sér betur í Húnavatnssýslur en hlutfall þeirra af gestum til Íslands gæti gefið vísbendingar um. Hins vegar eru Bretar ólíklegastir til að leggja þangað leið sína en síðan Norðurlandabúar og gestir frá N-Ameríku. Þannig voru Bretar um 14% gesta til Íslands árið 2019 en einungis 4,3% af erlendum gestum í Húnavatnssýslum.

3.2 Erlendir ferðamenn og gistinætur í Skagafirði




Frá sögu-og listsýningunni í Kakalaskála í Skagafirði.

Samkvæmt *Dear Visitors* könnun RRF má áætla að 142 þúsund erlendir ferðamenn hafi farið um Skagafjörð árið 2010, 191 þúsund árið 2013, 280 þúsund árið 2015, 353 þúsund árið 2016, 431 þúsund árið 2017, 484 þúsund árið 2018 og 466 þúsund árið 2019. Því fjölgaði þeim 3,3 falt frá 2010 til 2019 en fækkaði um 4% frá 2018 til 2019. Þetta þýðir að 24% erlendra ferðamanna til Íslands með flugi eða ferju árið 2019 komu í Skagafjörð en það hlutfall var 29% árið 2010. Samkvæmt því hefur hlutdeild Skagafjarðar í erlendum gestum minnkað um 17% á tímabilinu.

Sumarmánuðina þrjá er áætlað að erlendum gestum sem komu í Skagafjörð hafi fjölgað úr 121 þúsund árið 2010 í 271 þúsund árið 2019, eða 2,2 falt. Hins vegar fjölgaði erlendum gestum í Skagafirði utan sumars mikið meira á sama tíma, úr 21 í 195 þúsund, eða 9,3 falt. Fækkaði hins vegar um 8% frá 2018 til 2019. Því hefur ferðamannatíminn í Skagafirði lengst mikið síðustu árin.


Mynd 3.5 Áætlaður fjöldi erlendra ferðamanna sem fóru um Skagafjörð eftir mánuðum 2010, 2013 og 2015-2019



2019	10,0	10,5	15,7	17,7	32,9	67,6	101,5	102,1	61,5	28,5	11,0	6,9
2018	10,3	10,8	14,8	21,3	38,5	65,2	103,0	104,0	68,0	30,2	11,2	6,4
2017	6,3	5,7	9,4	14,7	35,6	52,5	110,0	114,7	58,8	12,3	6,7	2,5
2016	1,7	0,5	8,1	9,5	33,0	57,0	77,5	82,5	41,2	32,5	5,2	4,5
2015	2,0	0,7	8,6	7,6	12,3	35,8	87,8	83,6	27,1	10,8	2,1	1,5
2013	2,4	4,1	4,2	5,2	12,0	34,6	51,3	59,2	7,9	5,1	3,0	2,4
2010	1,0	0,2	2,3	2,5	2,6	21,2	47,9	52,0	9,4	2,3	0,3	0,3


Á mynd 3.6 má sjá áætlaðan fjölda og hlutfallsskiptingu erlendra dags- og næturgesta í Skagafirði eftir mánuðum 2019 (skv. *Dear Visitors* könnun RRF). Þegar allt árið er skoðað er áætlað að af 466 þúsund erlendum gestum þar hafi 118 þúsund gist (25%) en 348 þúsund verið dagsgestir (75%). Um 30% erlendra sumargesta sem fóru um Skagafjörð gistu en 19% gesta utan sumars.

Mynd 3.6 Áætlaður fjöldi og hlutfall erlendra næturgesta og dagsgesta í Skagafirði eftir mánuðum 2019



Þeir 118 þúsund erlendu næturgestir í Skagafirði 2019 dvöldu að jafnaði í 1,45 nætur, 1,35- 1,4 nætur árin 2016-2018, 1,45 nætur 2015 og 1,3 nætur 2013 og 2010. Því eru erlendar gistinætur þar alls áætlaðar 170 þúsund árið 2018, um 1,3% af erlendum gistinóttum á Íslandi það ár,⁸ 189 þúsund 2018, 175 þúsund árið 2017, 155 þúsund 2016, 128 þúsund 2015, 56 þúsund 2013 og 57 þúsund 2010. Árið 2019 er áætlað að 27% erlendra gistinátta í Skagafirði hafi verið utan sumars, 29% árið 2018, 20% árið 2017, 35% árið 2016, 18% árið 2015, 13% árið 2013 og 5% árið 2010.

Mynd 3.7 Áætlaður fjöldi og hlutfall erlendra gistinátta í Skagafirði að sumri og utan sumars 2010, 2013 og 2015-2019




⁸ Hér með taldar eru áætlaðar um þrjú þúsund gistinætur á hálendi Skagafjarðar.

Árið 2019 er áætlað að af 466 þúsund erlendum gestum í Skagafirði hafi 103 þúsund verið búsettir í Mið-Evrópu, 90 þúsund í Suður-Evrópu, 80 þúsund í N-Ameríku, 77 þúsund utan helstu markaðssvæða, 60 þúsund í Asíu, 20 þúsund á Bretlandi, 18 þúsund á Norðurlöndum og 18 þúsund í Benelux löndunum. Næsta mynd sýnir fjölda- og hlutfallsskiptinguna betur.

Mynd 3.8

Áætlaður fjöldi og hlutfall erlendra ferðamanna í Skagafirði eftir markaðssvæðum árið 2019



Þessi skipting er verulega frábrugðin samsetningu erlendra ferðamanna á Íslandi eftir markaðssvæðum árið 2019 (sbr. dálkinn hægra megin við grafið að ofan). Erlendir gestir frá Mið-Evrópu, Suður-Evrópu og frá löndum utan okkar helstu markaðssvæða skila sér betur í Skagafjörð en hlutfall þeirra af gestum til Íslands gæti bent til. Hins vegar eru ferðamenn frá Bretlandi ólíklegastir til að leggja þangað leið sína og síðan Norðurlandabúar. Þannig voru Bretar um 14% gesta til Íslands árið 2019 en einungis 4,5% af erlendum gestum í Skagafirði.




Frá Hofsósi.

3.3 Erlendir ferðamenn og gistinætur í Eyjafirði

Samkvæmt *Dear Visitors* könnun RRF má áætla að 151 þúsund erlendir ferðamenn hafi farið um Eyjafjörð árið 2010, 223 þúsund árið 2013, 334 þúsund árið 2016, 459 þúsund árið 2016, 533 þúsund árið 2017, 585 þúsund árið 2018 og 540 þúsund árið 2019.⁹ Samkvæmt því fjölgaði þeim 3,6 falt frá 2010 til 2019 en fækkaði um 7,5% frá 2018 til 2019. Þetta þýðir einnig að 28% ferðamanna til Íslands með flugi eða ferju árið 2019 komu í Eyjafjörð en 31% þeirra árið 2010. Miðað við það því hefur hlutur Eyjafjarðar af gestum til Íslands dregist saman um 10% á tímabilinu.

Sumarmánuðina þrjá er áætlað að erlendum gestum í Eyjafjörð hafi fjölgað úr 132 þúsund árið 2010 í 316 þúsund árið 2019, eða 2,4 falt, en hafi hins vegar fækkað um 5% frá 2018 til 2019. Þá fjölgaði erlendum gestum í Eyjafirði utan sumartíma mikið meira á sama árabili, úr 19 þúsund í um 224 þúsund, eða 11,6 falt, en fækkaði um 11% frá 2018 til 2019. Þessar niðurstöður sýna ótvírætt að ferðamannatíminn í Eyjafirði hefur lengst verulega á síðustu árum.


Mynd 3.9 Áætlaður fjöldi erlendra ferðamanna sem fóru um Eyjafjörð eftir mánuðum 2010, 2013 og 2015-2019



2019	11,2	13,4	23,2	20,2	34,8	86,0	112,8	117,3	69,0	31,2	12,5	8,4
2018	12,1	14,0	20,9	24,7	44,4	88,8	121,0	124,0	77,7	35,0	12,6	9,8
2017	8,7	7,3	19,3	22,9	43,4	75,4	131,0	132,5	65,0	13,5	9,9	4,3
2016	3,7	1,8	10,3	12,9	37,3	69,0	96,3	105,2	68,3	39,0	8,0	7,4
2015	2,9	1,2	13,4	9,7	14,5	42,2	102,1	95,5	33,2	13,3	4,3	1,9
2013	2,3	4,7	6,3	6,7	16,3	38,1	58,6	67,1	9,0	7,0	4,0	2,9
2010	1,0	0,2	2,4	2,5	2,7	21,8	52,6	57,4	7,6	2,5	0,2	0,2

⁹ Hér eru um 3,3 þúsund farþegar með bresku ferðaskrifstofunni Super Break meðtaldir, komu í beinu flugi til Akureyrar jan.-mars 2019. Dvöldu nær eingöngu á Akureyri í 3,5 nætur að jafnaði eða alls um 11,5 þúsund nætur. Einnig eru meðtaldir um 2,4 þúsund farþegar með hollenska flugélaginu Transavia (Voigt Travel) frá maí til september 2019. Meðaldvöl um 10 nætur (Heimild. Hjalti Þórarinsson hjá MA) eða alls um 24 þúsund nætur. Hér er miðað við að 65% gistinátta þeirra hafi verið á Norðurlandi.


Farþegar með skemmtiferðaskipum til Akureyrar eru hins vegar ekki með hér en þeir voru um 153 þúsund árið 2019 (www.port.is/index.php?pid=65&w=st). Með þeim má áætla erlenda gesti í Eyjafirði um 693 þúsund 2019. Þá komu um 8 þúsund skipagestir til Siglufjarðar árið 2019, 7 þúsund til Grímseyjar og nær tvö þúsund til Hríseyjar Langflestir þeirra komu einnig til Akureyrar.



Akureyri.

Á mynd 3.10 má sjá áætlaðan fjölda og skiptingu erlendra dagsgesta og næturgesta í Eyjafirði eftir mánuðum 2019 (skv. *Dear Visitors* könnun RRF). Þegar allt árið er skoðað er áætlað að af 540 þúsund erlendum gestum þar hafi 334 þúsund gisti (62%) en 206 þúsund verið dagsgestir (38%). 63% sumargesta í Eyjafirði 2019 gistu og 61% þeirra sem komu utan sumars.

Mynd 3.10 Áætlaður fjöldi og hlutfall erlendra næturgesta og dagsgesta í Eyjafirði eftir mánuðum 2019




334 þúsund erlendir næturgestir í Eyjafirði 2019 dvöldu þar að jafnaði 1,66 nætur en næturgestir árið 2018 í 1,6 nætur, í 1,65 nætur árið 2017, í 1,75 nætur árið 2016, 2,0 nætur árið 2015, árið 2013 í 2,3 nætur og árið 2010 í 1,8 nætur. Þannig eru erlendar gistinætur í Eyjafirði áætlaðar 554 þúsund árið 2019, eða um 4,2% af erlendum gistinóttum á Íslandi það ár, 587 þúsund árið 2018, 495 þúsund árið 2017, 493 þúsund árið 2016, 397 þúsund árið 2015, 286 þúsund árið 2013 og 166 þúsund árið 2010.¹⁰ Fækkun gistinátta frá 2018 til 2019 er því áætluð um 7%.

¹⁰ Hér eru gistinætur erlendra ferðamanna á hálendi Eyjafjarðar meðtaldar og áætlaðir um fjögur þúsund. Helsti gististaðurinn er Laugafell og þar hafa skráðar gistinætur síðust árin verið nálægt tvö þúsund. Auk þess gista ferðamenn nokkuð á hálendi Eyjafjarðar í húsbílum eða tjöldum á víðavangi eða í gönguskálum. Þá eru um 11,5 þúsund gistinætur farþega með Super Break frá janúar til mars einnig meðtaldar og 10 þúsund áætlaðr nætur farþega með Transavia (Voigt Travel) sumarið 2019.


Árið 2019 er áætlað að 39% erlendra gistinguáttanna í Eyjafirði hafi verið utan sumars, 40% árið 2018, 34% árið 2017, 38% árið 2016, 26% árið 2015, 29% árið 2013 og 14% árið 2010. Sjá mynd 3.11.

Mynd 3.11 Áætlaður fjöldi og hlutfall erlendra gistinguáttanna í Eyjafirði að sumri og utan sumars 2010, 2013 og 2015-2019



Árið 2019 er áætlað að af 540 þúsund erlendum gestum í Eyjafirði sem komu til landsins með flugi eða ferju hafi 113 þúsund verið búsettir í Mið-Evrópu, 99 þúsund í Suður-Evrópu, 97 þúsund í Norður-Ameríku, 87 þúsund utan hefðbundinna markaðssvæða, 71 þúsund í Asíu, 28 þúsund á Bretlandi, 24 þúsund í Benelux löndunum og 21 þúsund á Norðurlöndum.

Mynd 3.12 Áætlaður fjöldi og hlutfall erlendra ferðamanna í Eyjafirði eftir markaðssvæðum árið 2019




Þessi skipting er verulega frábrugðin samsetningu erlendra ferðamanna á Íslandi eftir markaðssvæðum árið 2019 sem sjá má í dálkinum hægra megin við grafið hér að ofan. Þannig er ljóst að erlendir gestir frá Mið-Evrópu, Suður-Evrópu og frá löndum utan okkar helstu markaðssvæða skila sér betur í Eyjafjörð en hlutfall þeirra af erlendum gestum til Íslands gæti gefið vísbendingar um. Hins vegar eru ferðamenn frá Bretlandseyjum ólíklegastir til að leggja þangað leið sína og síðan ferðamenn frá Norðurlöndum.

3.4 Erlendir ferðamenn og gistinætur í Þingeyjarsýslum

Samkvæmt *Dear Visitors* könnun RRF má áætla að 143 þúsund erlendir ferðamenn hafi farið um Þingeyjarsýslur árið 2010, 205 þúsund árið 2013, 326 þúsund árið 2015, 443 þúsund árið 2016, 529 þúsund árið 2017, 562 þúsund árið 2018 og 526 þúsund árið 2019.¹¹ Samkvæmt því fjölgaði þeim 3,7 falt frá 2010 til 2019 en fækkaði um 6,5% frá 2018 til 2019. Þetta þýðir einnig að 27% ferðamanna til Íslands með flugi eða ferju árið 2019 komu í Þingeyjarsýslur en 29% þeirra árið 2010. Samkvæmt því hafa Þingeyjarsýslur misst um 8% hlutdeild á tímabilinu 2010 til 2019.

Sumarmánuðina er áætlað að erlendum ferðamönnum sem komu í Þingeyjarsýslur hafi fjölgað úr 127 þúsund árið 2010 í 308 þúsund árið 2019, eða 2,4 falt, en hafi hins vegar fækkað um 5% frá 2018 til 2019. Þá fjölgaði erlendum gestum í Þingeyjarsýslum utan sumartíma mikið meira á sama árabili, úr 16 þúsund í um 218 þúsund, eða 14 falt, en fækkaði um 9,5% frá 2018 til 2019. Þessar niðurstöður sýna ótvírætt að ferðamannatíminn í Þingeyjarsýslum hefur lengst umtalsvert og að nú koma ferðamenn þangað einnig í miklu mæli að vori og hausti (mars, apríl, maí og september).

Mynd 3.13 Áætlaður fjöldi erlendra ferðamanna sem fóru um Þingeyjarsýslur eftir mánuðum 2010, 2013 og 2015-2019



2019	10,9	12,5	24,3	19,7	35,6	82,5	111,8	113,8	65,1	31,2	10,1	8,3
2018	10,6	12,4	22,0	24,1	43,7	86,6	116,0	119,0	74,5	33,4	11,7	7,8
2017	6,8	6,5	21,0	23,3	43,8	83,2	128,5	129,8	58,8	13,1	10,0	4,4
2016	3,0	1,2	9,7	11,8	36,8	66,2	94,0	102,7	71,8	36,0	5,1	5,1
2015	2,6	0,6	12,6	9,2	13,5	42,9	97,4	96,5	34,4	11,4	3,4	1,5
2013	1,3	3,0	3,5	5,0	15,7	34,6	60,1	62,8	8,6	5,2	3,6	1,4
2010	1,0	0,3	2,1	2,2	1,3	20,4	50,4	56,5	6,7	1,7	0,2	0,2


¹¹. Hér eru farþegar með skemmtiferðaskipum ekki meðtaldir en þeir voru um 153 þúsund til Akureyrar árið 2019. Samkvæmt upplýsingum frá Sérleyfisbílum Akureyrar fóru líklega um 90 þúsund þeirra (nær 60%) í skoðunarferðir; þar af nálægt 54 þúsund í Suður-Þingeyjarsýslu. Þar við bætast um 8 þúsund farþegar með skipum til Húsavíkur (sem nær allir fóru einnig með skipunum til Akureyrar). Með þessu má því áætla heildarfjölda erlendra gesta í Þingeyjarsýslum um 588 þúsund árið 2019.



Sjóbóðin við Húsavík.

Á mynd 3.14 má sjá áætlaðan fjölda og hlutfallsskiptingu erlendra dagsgesta og næturgesta í Þingeyjarsýslum eftir mánuðum 2019 (skv. *Dear Visitors* könnun RRF). Þegar allt árið er skoðað er áætlað að af 526 þúsund erlendum gestum þar hafi 301 þúsund gisti (57%) en 225 þúsund verið dagsgestir (43%). Um 58% sumargesta gistu en 56% þeirra sem komu utan sumars.

Mynd 3.14 Áætlaður fjöldi og hlutfall erlendra næturgesta og dagsgesta Þingeyjarsýslum eftir mánuðum 2019




Þeir 301 þúsund næturgestir í Þingeyjarsýslum árið 2019 dvöldu þar að jafnaði 1,68 nætur en næturgestir árið 2018 í 1,65 nætur, árið 2017 í 1,75 nætur, 2016 og 2015 í 1,7 nætur en í 2,2 nætur árin 2013 og 2010. Þannig eru erlendar gistinætur í Þingeyjarsýslum áætlaðar 507 þúsund árið 2019, um 4% af erlendum gistinóttum á Íslandi, 537 þúsund árið 2018, 523 þúsund árið 2017, 433 þúsund árið 2016, 351 þúsund árið 2015, 267 þúsund árið 2013 og 233 þúsund 2010.¹²

¹². Hér eru gistinætur erlendra ferðamanna á hálendi Þingeyjarsýslna áætlaðar og meðtaldar. Helstu gististaðir þar eru Drekgil við Öskju og Herðubreiðarlindir. Þar hafa skráðar gistinætur undanfarin ár verið 6-8 þúsund, um þrefalt fleiri í Drekgili en í Herðubreiðarlindum. Auk þess gista ferðamenn talsvert á hálendi Þingeyjarsýslna í húsbílum, 'camperum', tjöldum á víðavangi eða í gönguskálum.


Árið 2019 er áætlað að 36% erlendra gistinguáttá í Þingeyjarsýslum hafi verið utan sumars, 37% árið 2018, 27% árið 2017, 33% árið 2016, 23% árið 2015, 11% árið 2013 og 8% árið 2010. Fækkun gistinguáttá frá 2018 til 2019 er því áætluð um 6%. Þetta sést betur á mynd 3.15.

Mynd 3.15 Áætlaður fjöldi og hlutfall erlendra gistinguáttá í Þingeyjarsýslum að sumri og utan sumars 2010, 2013 og 2015-2019



Árið 2019 er áætlað að af 526 þúsund erlendum gestum í Þingeyjarsýslum sem komu til landsins með flugi eða ferju hafi 110 þúsund verið búsettir í Mið-Evrópu, 99 þúsund í Suður-Evrópu, 90 þúsund í Norður-Ameríku, 89 þúsund utan hefðbundinna markaðssvæða, 70 þúsund í Asíu, 28 þúsund á Bretlandi, 20 þúsund á Norðurlöndum og 20 þúsund í Benelux löndunum.

Mynd 3.16 Áætlaður fjöldi og hlutfall erlendra ferðamanna í Þingeyjarsýslum eftir markaðssvæðum árið 2019



Þessi skipting er verulega frábrugðin samsetningu erlendra ferðamanna á Íslandi eftir markaðssvæðum árið 2019 sem sjá má í dálkinum hægra megin við grafið hér að ofan. Þannig er ljóst að erlendir gestir frá Mið-Evrópu, Suður-Evrópu og frá löndum utan okkar helstu markaðssvæða skila sér betur í Þingeyjarsýslur en hlutfall þeirra af erlendum gestum til Íslands gæti gefið vísbendingar um. Hins vegar eru ferðamenn frá Bretlandseyjum ólíklegastir til að leggja þangað leið sína og síðan ferðamenn frá Norðurlöndum. Þannig voru Bretar um 14% gesta til Íslands árið 2019 en einungis 5% af erlendum gestum í Þingeyjarsýslum.


3.4.1 Erlendir ferðamenn á norðausturhorninu



Við Bakkafjörð.

Samkvæmt *Dear Visitors* könnun RRF má áætla að 14 þúsund erlendir ferðamenn hafi farið eitthvað norðausturhorn Norðurlands árið 2010 (þ.e. komið að Kópaskeri, Raufarhöfn, Þórshöfn eða Bakkafirði), 21 þúsund árið 2013, 32 þúsund árið 2015, 39 þúsund árið 2016, 41 þúsund árið 2017, 43 þúsund árið 2018 og svipað margir árið 2019. Af þeim sem komu árið 2019 má áætla að 5-6 þúsund hafi verið Norrænufarþegar. Samkvæmt því fjölgaði erlendum ferðamönnum á þessu svæði 3,2 falt frá 2010 til 2019 en aðeins um 5% frá 2017 til 2019. Þetta þýðir að 2,2% af ferðamönnum til Íslands árið 2019 komu norðaustursvæðið, þar af 4,1% sumargesta en 1,2% gesta utan sumars, en 2,9% þeirra árið 2010. Samkvæmt því hefur svæðið misst um 24% hlutdeild í komum ferðamanna á tímabilinu.

Mynd 3.17 Áætlaður fjöldi og hlutfall erlendra ferðamanna norðausturhornið sumri og utan sumars 2010, 2013 og 2015-2019




Samkvæmt þessu fóru 8% af erlendum ferðamönnum í Þingeyjarsýslum árið 2019 (af þeim sem komu með flugi eða ferju til landsins) eitthvað um norðaustursvæðið, 9% sumargesta þar en 6,5% gesta utan sumartíma.

3.5 Erlendir ferðamenn á Norðurlandi

Samkvæmt *Dear Visitors* könnun RRF má áætla að 580 þúsund erlendir ferðamenn hafi komið eitthvað á Norðurland árið 2019 af 1.927 þúsund erlendum ferðamönnum til Íslands með flugi eða ferju, eða 30% þeirra.^{13 14} Af þeim er áætlað að 325 þúsund hafi komið að sumarlagi (56%) en 255 þúsund utan sumars (44%).

Alls er áætlað að 680 þúsund ferðamenn með ferju eða flugi hafi komið til Íslands sumarið 2019 en 1.247 þúsund ferðamenn hina níu mánuði ársins. Samkvæmt því má áætla að 48% erlendra sumargesta árið 2019 hafi eitthvað lagt leið sína á Norðurland og um 18% erlendra ferðamanna utan sumars. Á jaðarmánuðunum maí og september 2019 er áætlað að 35-40% ferðamanna til Íslands hafi komið eitthvað á Norðurland, 17-23% gesta í mars, apríl og október en 8-11% gesta yfir vetrarmánuðina janúar, febrúar, nóvember og desember.

Mynd 3.18 Áætlaður fjöldi erlendra ferðamanna á Ísland og Norðurlandi og hlutfall gesta á Norðurlandi eftir mánuðum 2019



Af 580 þúsund erlendum gestum á Norðurlandi árið 2019 sem komu til Íslands með flugi eða ferju er áætlað að 492 þúsund hafi gist, eða 85%, en 88 þúsund verið dagsgestir (15%). Til samanburðar má nefna að af 622 þúsund erlendum gestum þar árið 2018 er áætlað að 537 þúsund hafi gist, eða 85%, en 85 þúsund verið dagsgestir (15%). Af 573 þúsund erlendum gestum þar árið 2017 er áætlað að 456 þúsund hafi gist, eða 80%, en 117 þúsund verið dagsgestir (20%). Af 502 þúsund erlendu gestum á Norðurlandi árið 2016 er síðan áætlað að 393 þúsund hafi gist, eða 78%, en 109 þúsund verið dagsgestir (15%). Af 358 þúsund erlendum gestum á Norðurlandi árið 2015 er áætlað að 309 þúsund hafi gist, eða 85%, en 49 þúsund verið dagsgestir (15%). Þá er áætlað að af 234 þúsund erlendum gestum í landshlutanum árið 2013 hafi 197 þúsund gist (84%)


¹³ Eru það nær 8% færri ferðamenn en árið 2018 þegar þeir voru áætlaðir 622 þúsund.

¹⁴ Að viðbættum um 153 þúsund farþegum með skemmtiferðaskipum má því áætla að nálægt 733 þúsund erlendir ferðamenn hafi komið á Norðurland árið 2019.

en 37 þúsund verið í dagsferð (16%). Loks árið 2010 er áætlað að 159 þúsund erlendir ferðamenn hafi lagt leið sína á Norðurland. Þar af hafi 145 þúsund gist (91%) en 14 þúsund verið í dagsferð (9%). Sjá nánar mynd 3.19.

Þannig er áætlað að erlendum næturgestum á Norðurlandi hafi fjölgað 3,4 falt frá 2010 til 2019 en dagsgestum 6,3 falt. Heildarfjöldi erlendra gesta á Norðurlandi jókst 3,65 falt á tímabilinu.

Mynd 3.19 Áætlaður fjöldi og hlutfall erlendra næturgesta og dagsgesta á Norðurlandi 2010, 2013 og 2015-2019




Áætlað er að 492 þúsund erlendir næturgestir á Norðurlandi árið 2019 hafi gist þar í alls í 1.466 þúsund nætur, um 11% af erlendum gistinóttum á Íslandi, eða í 3 nætur að jafnaði. Þar af hafi 286 þúsund gist þar sumarið 2019 í 3,26 nætur að jafnaði en 206 þúsund gist á Norðurlandi utan sumars í að jafnaði 2,7 nætur.

Þá er áætlað að erlendar gistinætur á Norðurlandi hafi verið alls 1.558 þúsund árið 2018, um 11% af erlendum gistinóttum á Íslandi (eins og 2019), 1.413 þúsund árið 2017, 1.266 þúsund árið 2016, tæplega 11% af erlendum gistinóttum á Íslandi, 998 þúsund árið 2015 eða tæplega 12% af heildinni, um 682 þúsund árið 2013, 12% af heildinni, og 516 þúsund árið 2010 eða 15% af heildinni. Fækkun erlendra gistinátta á Norðurlandi árið 2019 er því áætluð um 6% frá 2018.

Þannig er áætlað að gistinóttum erlendra ferðamanna á Norðurlandi hafi fjölgað úr 516 þúsund árið 2010 í 1.466 þúsund 2019, eða 2,8 falt. Þar af fjölgaði þeim úr 466 þúsund í 933 þúsund að sumarlagi frá 2010 til 2018, eða tvöfalt, en úr 50 í 533 þúsund utan sumars, eða 10,7 falt.¹⁵


¹⁵ Það má lauslega áætla gistinætur erlendra ferðamanna á hálendi Norðurlands 27-33 þúsund árið 2019 og eru þær innifaldar í heildargistináttaðum fyrir hvern landshluta (miðgildið). Þar af hafi 10-12 þúsund þeirra verið á hálendi Húnavatnssýslna (mest Hveravellir), 2-3 þúsund á hálendi Skagafjarðar, 4-5 þúsund á hálendi Eyjafjarðar (mest Laugafell) og 10-13 þúsund á hálendi Þingeyjarsýslna (mest í Herðubreiðarlindum og í Drekgili). Þá gista erlendir ferðamenn einnig í öðrum skálum á hálendi Norðurlands og tjalda eða gista í húsbílum, 'camperum' (camper-vans) eða tjalda á víðavangi. Áætlað er að 85-90% af gistinóttum erlendra ferðamanna á hálendi Norðurlands 2019 hafi verið að sumarlagi, einkum í júlí og ágúst, en 10-15% utan sumars (mest í september).

Mynd 3.20 Áætlaður fjöldi og hlutfall erlendra gistinátta á Norðurlandi að sumri og utan sumars 2010, 2013 og 2015-2019



Á mynd 3.21 má sjá áætlaða þróun í fjölda og hlutfalli gistinátta erlendra ferðamanna á svæðunum fjórum á Norðurlandi 2010-2019. Þar er áætlað að 38% gistinátta árið 2019 hafi verið í Eyjafirði, 35% í Þingeyjarsýslum, 16% í Húnavatnssýslum og 11% í Skagafirði.

Mynd 3.21 Áætlaður fjöldi og hlutfall erlendra gistinátta eftir svæðum á Norðurlandi 2010, 2013 og 2015-2019



ÁRIÐ 2019 - nokkrir punktar

Karlar voru heldur líklegri til að fara um Norðurland en konur. Fólk 18-35 ára og eldra en 55 ára kom hlutfallslega frekar í landshlutann þeir sem voru 36-55 ára. Þeir sem nýttu sér bíla-leigubíla voru mun líklegri til að heimsækja Norðurland en fólk sem nýtti hópferðabíla eða áætlunarbíla. Þeir sem voru í fyrsta skipti á Íslandi voru nokkru líklegri til að fara um Norðurland en þeir sem höfðu komið áður. Fólk á ferð með vinum eða með maka/sambúanda var hlutfallslega líklegast til að heimsækja landshlutann en síst þeir sem voru einir á ferð. Norrænugestir eru margfalt líklegri til að fara um Norðurland en ferðamenn með flugi.